

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn fimmtudaginn 23. mars 2017, kl 13.00. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Jón Örn Pálsson, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Auk þeirra sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerði.

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 16. febrúar 2017
2. Vestfjarðastofa
3. Svæðisráð DMP
4. Samgöngu og fjarskiptamál
5. Sóknaráætlun landshluta
6. Smávirkjanir
7. Landshlutasamtök sveitarfélaga
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 16. febrúar 2017  
Fundargerð stjórnarfundar 16. febrúar 2017 lögð fram til staðfestingar, fundargerð hafði áður verið kynnt í tölvupósti. Fundargerð staðfest.
2. Vestfjarðastofa  
Framkvæmdastjóri kynnti tilboð sem hann hefur kallað eftir varðandi ráðgjöf vegna undirbúnings að stofnun Vestfjarðastofu. Varðar ráðgjöfin stjórnskipulag, starfsmannamál og verkáætlun fyrir samruna starfsemi FV og Atvest fram til vors 2018. Framkvæmdastjóra gefin heimild til að semja við ráðgjafafyrirtækið Capacent á grundvelli tilboðs en miðað við kostnaðarramma sem stjórn setur. Tillagan samþykkt.
3. Svæðisráð Vestfjarða DMP
  - a. Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisráð Vestfjarða DMP, frá 15. febrúar s.l..
  - b. Lagt fram bréf svæðisráðs Vestfjarða dags 17. febrúar s.l.. Í bréfinu er óskað eftir samstarfi við FV og Atvest um verkefnastjórn fyrir stefnumótandi stjórnunaráætlun DMP. Um yrði að ræða nýtt tímabundið stöðugildi á grundvelli fjármögnunar frá Ferðamálastofu og DMP.

*Stjórn tekur jákvætt í málið og felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga svæðisráð DMP.*

4. Samgöngu og fjarskiptamál  
Lögð fram fundargerð samgöngu og fjarskiptanefndar FV frá 21. mars s.l.. Sigurður Hreinsson, formaður nefndarinnar kynnti efni fundargerðarinnar.

- Samgöngu og fjarskiptanefnd á fundi þann 27. mars n.k. í Reykjavík, með samgönguráðherra og síðan með samgöngustofnunum. Til umræðu verða fjármögnun og staða samgöngu- og fjarskiptaverkefna á Vestfjörðum.
- Nefndin tók einnig til umfjöllunar stöðu almenningssamgangna á vegum FV. Niðurstaða nefndarinnar var að beina til stjórnar að FV taki upp viðræður við sveitarfélögin á Vestfjörðum um breytt fyrirkomulag almenningssamgöngukerfis á Vestfjörðum með aukinni aðild sveitarfélaganna.

*Stjórn tekur jákvætt í þessa málaleitan og felur framkvæmdastjóra að taka upp slíkar viðræður.*

5. Sóknaráætlun landshluta  
Lögð fram til kynningar fundargerð 33. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 14. febrúar 2017.
6. Smávirðjanir  
Lagt fram bréf Orkustofnunar frá 16. mars s.l. þar sem óskað er eftir samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga að kalla eftir hugmyndum sveitarfélaga innan sinna landshluta að virkjunarkostum (minni en 10 Mw). Formaður gerir tillögu um að ganga til samstarfs um verkefnið og leita til samstarfs við Atvest. Tillagan samþykkt.
7. Landshlutasamtök sveitarfélaga  
Lagðar fram fundargerðir til kynningar fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga. SSNV frá 6. febrúar 2017.  
Eyþing, fundargerð nr 291, frá 25. janúar og 292, frá 15. febrúar  
SSA frá 31. janúar 2017.  
SASS, nr 516 frá 3. febrúar 2017
8. Umsagnir til Alþingis.  
Lagt fram til staðfestingar umsögn sem kynnt var í tölvupósti til stjórnar, mál 77, 146. löggjafarþing, þingsályktun um að gerð verði úttekt á héraðsfréttamiðlum.
9. Önnur mál  
Lögð fram fyrirspurn um undirbúning fundar um svæðisskipulag Vestfjarða, sem boðaður er þann 31. mars n.k.. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu máls.

Formaður minnti á næsta reglulega fund stjórnar sem haldinn verður á Patreksfirði þann 28. apríl n.k. samhliða fundi samráðshópi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.45

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.